



9. formannafundur Aftureldingar 12. mars 2012

Fundur settur kl. 17:30.

Mætt frá deildum: Blak Guðrún Kristín Einarsdóttir ; **Badminton:** Stefán A. Stefánsson ; **Karate:** Andrea M. Jónsdóttir; **Fimleikar:** Eva Magnúsdóttir ; **Fótbolti:** Kolbrún Þorsteinsdóttir ; **Taekwondo** Richard Már Jónsson ; **Frjálssar:** Hlynur Guðmundsson

Mætt frá aðalstjórn UMFA: Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Kristín Reynisdóttir, Hekla Klemenzdóttir. Jóhann Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

1. Afrekssjóður
2. Lagabreytingar
3. Fjármál
4. Aðstöðumál
5. Undirbúningur aðalfundar
6. Önnur mál

1. Afrekssjóður.

Formaður ræddi um Afrekssjóð Aftureldingar og Mosfellsbæjar en ekki var úthlutað úr sjóðnum árið 2011. Framlag bæjarins er um 1 milljón króna. Umsóknareyðublað verður aðgengilegt inni á vef félagsins og framkvæmdastjóri mun einnig senda formönnum eyðublaðið í tölvupósti. Umsóknir þurfa að hafa borist til framkvæmdastjóra félagsins fyrir 20. mars næstkomandi vegna úthlutunar á aðalfundi.

2. Lagabreytingar.

Gjaldkeri kynnti tillögur laganeftdar sem skipuð var á 1. formannafundi starfsársins 3. maí 2011 og fékk það verkefni að endurskoða lög félagsins. Formenn fá lagadrögin send eftir fundinn og geta komið athugasemdum og breytingartillögum á framfæri við laganeftnd fram að föstudeginum 16. mars.

3. Fjármál.

Spurt um rekstrarstyrki og formaður sagði þá mundu líklega koma til greiðslu bæði í vor og síðsumars. Gjaldkeri upplýsti að endurreikna þyrfti hlutfallslega skiptingu rekstrarstyrkja.

4. Aðstöðumál.

Formaður kynnti fyrir fundarmönnum minnisblað með þarfagreiningu vegna nýja íþróttahússins, unnið af íþróttafulltrúum bæjarins - Sigurði Guðmundssyni og Indriða Jósafatssyni. Þeir óska viðbragða félagsins við því sem allra fyrst. Í húsinu eiga að vera, sem kunnugt er, salir fyrir fimleika og bardagadeildir. Skrifstofuaðstaða félagsins verði í salnum yfir Eldingarsalnum. Í rými það sem bardagadeildir nýta núna getur færst sú starfsemi sem nú er í salnum yfir Eldingu.

Milliloftið í nýja stálgrindarhúsinu er ekki inni á áætlun bæjaryfirvalda í ár, heldur sett í annan áfanga verksins sem er ótímasettur. En formannafundur lagði mikla áherslu á að milliloftið yrði reist strax í ályktun sem fundurinn sendi frá sér til bæjaryfirvalda þann 2. febrúar síðastliðinn.

Formaður fimleikadeildar kom með gest á fundinn, yfirþjálfara deildarinnar. Þau skýrðu þá þörf sem deildin telur sig hafa fyrir húsnæði og sýndu fundarmönnum teikningu eins og þau sjá skipulagið fyrir sér.

Formaður aðalstjórnar felur deildum að senda sér og framkvæmdastjóra hugmyndir um hvernig þær sjái fyrir sér nýtingu á nýja húsnæðinu og því húsnæði sem fyrir er og þarfir þeirra deilda.

Vegna tímapressu sem er á verkefninu þar sem bæjaryfirvöld þurfa að hafa vissar upplýsingar til að geta pantað húsið óskar formaður eftir því að fá tillögur deildanna sendar fyrir laugardag 17. mars.

5. Undirbúningur aðalfundar

Formenn deilda minntir á að senda tilnefningar sínar til heiðursviðurkenninga sjálfboðaliða ekki síðar en 20. mars. Reglugerð um heiðursviðurkenningar er á vef félagsins undir „Lög og reglugerðir“.

Ársskýrslur deildanna þurfa að berast til framkvæmdastjóra ekki síðar en 20. mars.

Sævar Kristinsson formaður aðalstjórnar tilkynnti að hann muni ekki gefa kost á sér til endurkjörs.

6. Önnur mál

Formaður blakdeildar spyr um fundargerðir formannafunda sem hún hefur ekki fengið síðan síðastliðið sumar og fram til áramóta. Upplýst er að það er í verkahring framkvæmdastjóra að senda út fundargerðir og jafnframt að allar fundargerðir eru vistaðar á vef félagsins á vefsvæði aðalstjórnar.

Formaður blakdeildar spyr um rekstrarstyrki til meistaraflokka og spyr hvort blakdeildin eigi ekki kost á slíkum styrk fyrir mfl. kvk. Aðalstjórn hefur þegar rætt þessi mál og reynt að pressa á bæinn um að hækka styrkinn til félagsins þar sem meistaraflokkum hafi fjölgað.

Aðalstjórn hefur sótt um styrk í verkefnið „Vinnandi vegur“ til að kosta stöðu íþróttafulltrúa að hluta og búið er að senda formlega beiðni til bæjarins um fjárframlag á móti.

Formaður blakdeildar auglýsir undanúrslitaleik bikarkeppninnar í blakinu sem fram fer í Laugardalshöll og hvetur allar deildir til að fjölmenna á pallana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.